Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

3. tölublað. Þriðjudagurinn 17. janúar 1978 7. árgangur Verð kr. 80.-

Stjórnin ógilti mótframboðið

Síðan síðasta tölublað Stéttabaráttunnar kom út hefur mikið vatn runnið til sjávar, varðandi væntanlegar kosningar í Dagsbrún. Búið er að stilla upp lista þeirra sem bjóða sig fram til stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda, stjórnar vinnudeilusjóðs og stjórnar styrktarsjóðs, trúnaðarráð og varatrúnaðarráð, ásamt meðmælum yfir 100 verkamanna. Þennan lista er stjórnin nú búin að lýsa ógildan.

Uppstilling stjórnar.

Upphaflega var ætlun þeirra sem að B-listanum (mótframboðslistanum) standa, að bjóða einungis fram til stjórnar en samþykkja tillögu uppstillingarnefndar félagsins um trúnaðarráð. Því innan þess ráðs er margt gott fólk sem á fullan rétt á setu innan þess. Af þessari ástæðu ákváðu aðstandendur B-listans að stilla upp lista til stjórnarkjörs og fá við hann 100 Dagsbrúnarfélaga sem meðmælendur, eins og lög gera ráð fyrir. Og var það gert. Síðan var listanum skilað inn á skrifstofu Dagsbrúnar fyrir tilsettan tíma á föstudag. Eftir það var haldinn blaðamannafundur og þar var afhent fréttatilkynning og grundvöllur framboðslistans útskýrður.

Uppstilling trúnaðarráðsins

Þeir sem lesa lög verkamannafélagsins Dagsbrúnar, varðandi hvernig skuli staðið að framboði í félaginu, sjá fljótlega hversu loðin þau eru.

Ef út úr þeim á að fást samfelld mynd verður að skeyta saman lögum af hinum ýmsu greinum en þó er hægt að túlka þau á mismunandi máta.

Stjórn Dagsbrúnar taldi að ekki væri hægt að bjóða fram lista til stjórnarkjörs án þess að honum fylgdi tillaga að trúnaðarráði, sem í sitja 100 aðalmenn og 20 til vara.

Um þetta var svo haldinn fundur á laugardaginn, þar sem það samkomulag var gert að B-listinn skyldi stilla upp trúnaðarráði og fá við það 75-100 meðmælendur.

Yrði listinn að vera tilbúinn og honum skilað inn fyrir kl. 5 á mánudag.

Þetta samkomulag sem var gert hefur Dagsbrúnarstjórnin reynt að hafa sér til framdráttar og á það að sýna fram á "góðmennsku" hennar.

En stjórnin veit vel að allir þeir sem að B-listanum standa, eru menn í fullri vinnu og því yrði þeim framkvæmd þessa verks óvinnandi vegur.

En B-listamennirnir voru síður en svo af baki dottnir.

Strax á sunnudagsmorgun hófu þeir starfið við að stilla upp tillögu sinni að trúnaðarráði og undirbúning fyrir undirskriftasöfnun meðmælendanna. Sú söfnun hófst raunverulega á sunnudaginn t.d. í Straumsvík. Svo vel tókst til að milli kl. 3-4 á mánudag þegar listum af hinum ýmsu vinnustöðum var safnað saman höfðu fengist rúmlega 100 meðmælendaundirskriftir og auk þess fjöldi ungra aukafélaga sem gerðust aðalfélagar.

Listinn dæmdur ógildur.

En stríðinu var ekki lokið. Nú settist stjórnin niður við að strika menn út af listanum, sem ekki voru fullgildir félagsmenn, eða á annan hátt löglegir þar.



Stjórnin hefur ekki efni á mótframboði

Þannig er mál með vexti, að samkvæmt lögum Dagsbrúnar getur félagsmaður ekki neitað að taka kjöri í trúnaðarstöðu, nema félagsfundur meti ástæður hans gildar. Ekki má stilla manni upp á lista sem gefur skriflegt leyfi til að vera á öðrum lista. Þannig er hægt að stilla mönnum upp á lista án þess að biðja þá leyfis. Vitað er að á báðum listum var nokkrum mönnum stillt upp án þeirra vitundar. Þetta hefði ekki komið að sök, nema af því að sumum þeirra var stillt upp á báða listana.

Stjórnin byrjaði á að strika þá út sem gáfu yfirlýsingu um að þeir vildu frekar vera á A-listanum. En hvers vegna stillti B-listinn upp mönnum sem voru fyrir á A-listanum? Jú, þegar aðstandendur B-listans komu á skrifstofu félagsins kl. 5 á föstudag og ræddu við Eðvarð, Guðmund og Halldór,

þá var þeim að vísu sýndur listi stjórnarinnar, en ekki skriflega viðurkenningu þeirra manna, sem í kjöri voru af þeim lista. Í lögum Dagsbrúnar segir m.a.: "Í enga tillögu má taka upp nöfn manna, sem gefa skriflega
legt leyfi til þess, að nafn þeirra sé sett á aðra tillögu."

Þar sem slík skrifleg viðurkenning lá ekki fyrir, ákvað B-listinn að stilla upp fáeinum mönnum af trúnaðarráðslista stjórnarinnar. Þessir einstaklingar voru síðan strikaðir út af B-listanum. Einnig voru strikaðir út af trúnaðarráði og meðmælendalista, þeir menn sem ekki fundust í spjaldskrá félagsins. Var spjaldskráin reyndar öll í óreiðu og síðar kom í ljós að a.m.k. sumir þeirra sem strikaðir voru út eru með skírteini.

Þannig gat stjórnin komið 104 meðmælendum niður í 72.

En hvað um það, á fundi sínum á mánudag ákvað kjörstjórn Dagsbrúnar, sem er skipuð þeim Eðvarð Sigurðssyni, Vilhjálmi Þorsteinssyni og Pétri Lárussyni, að dæma B-listann ógildann á þeirri forsendu að:

Frh. bls. 3

Óeðlilega lágt loðnuverð



Loðnubátar í höfn á Akureyri

Rök sjómanna fyrir því að verð á loðnu sé nú óeðlilega lágt eru mörg, sem öll benda til þess að óprútnir auðmenn sópi til sín óeðlilega miklum gróða. Mest hefur þó verið rætt um hversu verð hér sé lágt miðað við nágrannalöndin. eins og t.d. Færeyjar og ekki síður ef miðað er við verð í Danmörku og Noregi þar sem verð er stórum hærra en jafnvel í Færeyjum.

Ef við miðum við verðið í Færeyjum þá er það 15,30kr. og miðað við að söluverðgildi úr einu kílói sé 20 krónur og 30 aurar. Ef þetta er rétt fara 5 krónur til að greiða vinnslukostnað hjá færeyingum en sami kostnaður hér segir Verðlagsráð vera 8 krónur og 90 aurar og verksmiðjueigendur hafa jafnvel farið fram á meira. Þessar niðurstöður Verðlagsráðs, sem eru í engu samræmi við nágrannaþjóðir okkar sem jafnvel hafa mun hærra kaupgjald er greinilega rangt, en skapar eigendum vinnslustöðvanna milljóna aukagróða. Ein megin ástæðan fyrir því að verðlagsráð telur sig geta fært verksmiðjueigendum þennan aukagróða er, að þeir byggja verðákvörðunina á afkomu verksmiðjanna árið ´76. Það ár var tiltölulega lélegt veiðiár og verksmiðjurnar nýttust illa. Veiðin var þá eitthvað íkring um 450-480 þús tonn.

Í fyrra var veiðin aftur á móti mjög góð og aukin veiði jók vinnslutímann, sem aftur jók hagkvæmni rekstrarins. Enda hafa fjölmargar verksmiðjur notað tækifærið og endurnýjað tækjakost og byggt upp, vegna aukningarinnar sem varð í fyrra. Þetta tekur verðlagsráð ekki til greina, heldur reiknar beint út frá árinu 1976 en þaðan eru einu skýrslurnar sem þeir hafa. Bræðslunum er látið líðast það að skila skýrslum liðins árs ekki fyrr en í júlí árið eftir.

Ef við athugum svo hvað sjómenn bera úr býtum, hér og í Færeyjum og berum saman skiptaverð þar og hér, þá er skiptaverð sem verksmiðjurnar í Færeyjum gefa upp 15 kr og 30 aurar, alla vertíðina. Hér er skiptaverðið aftur á móti háð þurrefnisinnihaldi aflans og fitumagni og er því mjög mismunandi. Ef miðað er við fyrstu farmana, þá er skiptaverð 10kr. Samkvæmt fyrri reynslu þá lækkar fita í loðnu um 1% á viku, sem þýðir aftur að á vertíðinni lækkar verðið um 62 aura á viku.

Viðmiðunarverðið er nú 7 kr. en getur í einstaka tilvikum orðið hærra í byrjun veiðanna. Í lok mars verður það komið niður í 4 kr. og í lok vertíðar er líklegt að skiptaverðið verði komið niður í 2-4 kr. vegna rýrnunar fituinnihalds og þurrefnis.

Á þessum samanburði má sjá að þær forsendur sem verðlagsráð notar eru algjörlega rangar og ónothæfar. Sjómenn munu ekki una slíku en krefjast þess að verðlag sé miðað við raunverulegan vinnslukostnað frá síðustu vertíð. Það eru ófáar krónur sem verksmiðjurnar hafa grætt á því að gefa upp of háan vinnslukostnað. Það er algjör óhæfa að verksmiðjunum líðist að reiða fram þær skýrslur sem koma þeim best í hvert sinn. Lágmarks krafa er að verðlagsráð byggi verðákvörðun sína á sem bestum upplýsingum hverju sinni.

LEIÐARI

Um lýðskrum

Það er ekki ofsögum sagt að lýðskrumurunum sé ekkert heilagt og öll meðul leyfileg. Nýjasta dæmið um þetta er sú umræða sem Morgunblaðið hefur hrundið af stað fyrst gegn hægri andstöðunni innan Sjálfstæðisflokksins, en nú einnig gegn vinstri "öfgahópum" eins og Mogginn kallar þá sem eru vinstramegin við Alþýðubandalagið. Í leiðara Moggans 15. janúar síðastliðinn segir að "nú er svo komið að arftakar gömlu kommúnistanna í Alþýðubandalaginu standa andspænis því, að til vinstri við þá eru starfandi öfgasinnaðir hópar, sem vilja ganga mun lengra í byltingarstarfseminni en Alþýðubandalagið sjálft." Í hverju skyldi það svo vera sem þessi "öfgamenni" vildu ganga lengra en hinir hefðbundnu stjórnmálaflokkar? Mogginn hefur svar á reiðum höndum "miskunnarleysi og ósanngirni umburðarlvndis og velvilja. Stéttastríð í stað stéttasamvinnu". Það er kunnara en frá þurfi að segja að margir hafa lært að þekkja góðar fyrirætlanir á því að

andstæðingar hafi kallað þær kommúnískar. Sérlega hefur Mogginn verið iðinn við þetta og framfarasinnað fólk hefur þá venjulega haft á orði "við erum á réttri leið meðan Mogginn skammar okkur á þennan hátt" En hver er þá ástæðan fyrir því að Mogginn telur Alþýðubandalagsfólk nú vera göfuglynt sómafólk og það hafa komið fram nýir menn, sem ástæða sé til að velja verstu skammaryrðin eins og öfgasinnaðir kommúnistar. Jú, ástæðurnar eru augljósar. Fyrst og fremst er þetta vegna andúðar sósíalistanna í Alþýðubandalaginu við fyrirætlanir kommúnista. Hver kommúnisti, sem er trúr kenningum sínum, hefur í hyggju að koma á samfélagslegri eign á framleiðslutækjunum, en fyrir þetta hljóta þeir trylltasta hatur núverandi eigenda þeirra og verða fyrir árásum þeirra með öllum tiltækum vopnum. Þetta er vissulega ætlun kommúnistanna og raunar að umskapa allt þjóðfélagið með hagsmuni verkalýðsins og alþýðunnar í huga, en þessi markmið hefur forystulið Alþýðubandalagsins ekki. Þeir hafa eins og "sósíalistarnir" í Alþýðuflokknum hina megnustu óbeit á slíkum áætlunum og fá í staðinn hrós Moggans. Fólkið sem áður var talið óalandi er nú talið sómafólk vegna andúðar sinnar á fyrirætlunum kommúnista.

Við skulum nú athuga aðeins nánar hver er tilgangur Moggans með því að velja því fólki sem þeim er andsnúið hin verstu skammaryrði sem þeir þekkja. Það ræður því engin tilviljun hvaða skammaryrði eru notuð, heldur hefur það ákveðinn tilgang og markmið. Þegar Mogginn kallar þá sem eru vinstra megin við Alþýðubandalagið kommúnista þá er það ekki af því að honum sé persónulega illa við þetta fólk, heldur ætlar hann að einangra skoðanir þess og gera þær áhrifalausar. Tilgangurinn er að minnsta kosti að fá annað fólk til að tortryggja það. Þetta gera slungnir lýðskrumarar oft með því að klykkja út með dulbúinni hótun um að eitthvað ægilegt verði óhjákvæmilega ef skoðunum andstæðinganna er fylgt. Í sama leiðara segir Mogginn "sagan kennir okkur hverjar afleiðingarnar hafa orðið, ef fólk hefur látið blekkjast." En áður segir í þessum dæmalausa leiðara um öfgamennina að þeir leggi "alla tíð áherslu á að draga fram og undirstrika allt það versta sem í manninum býr." Þarna er fólki því gefið í skyn að það megi upphugsa allt það versta sem það getur ímyndað sér og það muni óhjákvæmilega passa við það sem Mogginn kallar kommúnisma.

En góð stjórnmálastefna verður aldrei sigruð endanlega með aurkastinu einu saman. Verkalýðsstéttinni er að verða það æ betur ljóst hverjir eru vinir og hverjir óvinir. Orð eru að vísu leiðarvísir, en verkin tala best. Í dag á kommúnisminn því auknu fylgi að fagna innan verkalýðshreyfingarinnar vegna einarðrar baráttu fyrir hagsmunum verkalýðsins og vinnandi alþýðu.

15.1.1978.

Um stalinistana

framhald af baksíðu

gengu hér eins og annars staðar vígreifir út í slaginn, lögðu upp í langa göngu án þess að vita svo vel hvað biði hreyfingarinnar á erfiðri leið að takmarkinu, sósíalismanum.

Það má því segja, að ef nokkurn tíma hefur verið til nokkuð sem hægt er að kalla stalínista, þá voru það sósíalistar á tímum Stalíns.

En þetta voru ekki troðnar slóðir, sem lagt var út á . og á þessum vegum biðu fleiri hættur og annars eðlis en sósíalistarnir gerðu sér grein fyrir. Því er það engin furða að ekki tókst að sneiða hjá þeim öllum.

Mistökin.

Hætturnar leyndu á sér, þær voru ekki bara auðvaldið eins og það kom fram í beinni andstöðu við verkafólkið. Þær fólust líka í þeim hugmyndum sem auðstéttum allra tíma hafði tekist að berja inn í verkalýðinn og gera viðteknar. Sósíalíska hreyfingin var ekkert annað en hluti af verkalýðnum og því bar hún þessa hluti í sér, hún var sýkt, en gerði sér ekki fulla grein fyrir því.

Sem dæmi um þetta má nefna hefðbundna afstöðu til hlutverkaskiptingar kynjanna, sem viðgekkst í sjálfu forystuliðinu Kommúnistaflokknum og varð enn meira áberandi eftir stofnun Sósíalistaflokksins.

Við getum rakið óheillavænlega þróun í sögu þessara flokka, þróun sem miðaði að því að gera konur óvirkar í baráttunni. Við sjáum í málgögnum þeirra hvar konum var markaður bás, þar er nefnilega kvennaefni eins og t.d. uppskrift að "léttri sumarpeysu" eða "ljómandi fallegum ullarkjól". Á endanum fór það svo að konunum var ætlað "Kvennfélag sósíalista" á meðan karlarnir geystust um vígvöll stéttabaráttunnar. Þær hituðu kaffi handa þeim.

Það var afdrifaríkt fyrir íslenskan verkalýð að forystuafl hans skyldi ekki skilja það til fulls, að baráttuna varð að heyja á öðrum grundvelli og á annan hátt en áður hafði sést eða heyrst. Hefðbundin skipting í forystumenn og almenna félaga mátti ekki verða of rótgróin. Forystan varð að vera í órjúfandi tengslum við fjöldann og í því sambandi varð fyllsta lýðræði að ríkja. Forystumenn eru ekki til að teyma fjöldann, heldur til að vera málsvarar hans og til að framfylgja vilja hans.

Ef við skoðum sögu islensks verkalýðs þá sjáum við að þessari hættu hafa menn ekki varað sig á. Við sjáum hvernig bilið milli forystunnar og verkalýðsins eykst stöðugt. Þessa þróun má rekja frá gamla Kommúnistaflokknum og til Alþýðubandalagsins, sem í dag þarf að láta verkstjóra og forstjóra leiða sig um vinnustaði verkalýðsins til að geta mótað sér "íslenska atvinnustefnu." Þetta sáum við greinilega í Þjóðviljanum þegar hann var að kynna þessa stefnu á síðasta ári.

Sömu sögu er að segja úr verkalýðshreyfingunni. Þar sitja forystumennirnir á Alþingi og í ótal nefndum, sáttir við hlið starfsbræðra sinna úr VSÍ og LÍÚ. Síðan ráðskast þeir með fé verkafólks í gegnum banka og lífeyrissjóði og nota það til að styrkja braskið í atvinnurekendunum. Þeir ganga svo langt, að styðja afturhaldið í árásum þess á aðra vinnandi stétt, bændur, auk þess sem þeir sitja klofvega við samningaborðið þegar samið er um kaup og kjör verkafólks.

Svona langt er verkalýðshreyfingin leidd. Og þar hvílir ábyrgðin þungt á hennar gömlu forystu, sem leiddist út í sífelldar málamiðlanir við auðvaldið. Þessi forysta lét kjósa sig á þing og ætlaði sér að breyta þjóðfélaginu þaðan. En þar ofmat hún þingræðið og vanmat andstæðinginn. Borgarastéttinni tókst að teyma hana út í sviksamlegar málamiðlanir við sig, og hefur nú tekist að gera forystulið verkalýðsins að þátttakanda í samtryggingarkerfi þingflokkanna gegn alþýðunni. Hún hefur keypt upp forystuna með því að rétta henni litla fingurinn og dálítið af bitlingum að auki. Alþýðubandalagið hefur gert sviksamlegar málamiðlanir við borgarana, með því að makka með verkalýðshreyfinguna við þá, gegn tryggri aðstöðu fyrir sjálfa sig. Það er fyrir þessi svik sem samtryggingarkerfi flokkanna er í fullu gildi innan ASÍ og forysta Alþýðubandalagsins ríður laumulega feitum hesti frá Kröfluævintýrinu, svo að eitthvað sé nefnt.

En saga verkalýðsbaráttunnar á Íslandi er ekki bara saga undansláttar og ósigra.

Sigrarnir.

Kommúnistarnir sem lengi vel voru í forystu verkalýðsins á Íslandi stóðu fyrir harðri baráttustefnu í kjaramálum. Þeir gengu hart fram í stofnun verkalýðsfélaga og slóu ekki undan í baráttunni fyrir viðurkenningu þeirra. Þá eins og nú var borgarastéttin harður andstæðingur, en þá voru ekki notuð nein vettlingatök í baráttunni. Verkamenn stóðu í verkföllum og skæruverkföllum og atvinnurekendum var mætt af fyllstu hörku. Enda bar erfiðið árangur, atvinnurekendur urðu nauðugir viljugir að láta undan síga.

Það er fyrir harða baráttu, sem atvinnurekendur viðurkenna verkalýðssamtökin að dagvinnan er átta tímar, að matar og kaffitímar eru viðurkenndir, sumarfrí er veitt á fullum launum og svo mætti lengi telja.

En þegar undansláttarmennirnir eru í forystu og reyna að kæfa alla baráttu þá er ekki við góðu að búast. Verkalýðsforystan er hægt og rólega að spila út úr höndunum á okkur þeim réttindum sem hafa áunnist. Nægir þar að nefna áhugaleysi hennar á styttingu vinnudagsins og sviksamlegar tilraunir til að semja af okkur kaffitímana, sem dæmi

Þetta verðum við að láta okkur að kenningu verða. Það unnust stórir sigrar fyrir harða baráttu, og þar stóðu þeir menn fremstir sem afturhaldið vill útmála sem "stalínista". Þessir menn voru kommúnistar, baráttusinnar, og þrátt fyrir mistök þeirra þá megum við ekki gleyma sigrunum heldur. Af hvoru tveggja getum við lært, en við skulum ekki gera það sem borgarastéttin ætlast til, einblína á mistökin en gleyma baráttustefnunni. Með því gerum við óvini okkar stóran greiða en sjálfum okkur ljótan grikk .



ÚR BARÁTTUNNI

Guðmundur J. sendisveinn Eimskips.

Skömmu fyrir áramót kom upp deila við verkamenn hjá Eimskip vegna þess að þeim voru ekki greidd laun á tilsettum tíma nú skömmu fyrir áramót. Verkamenn lögðu niður vinnu til að mótmæla þessu og kröfðust greiðslu á launum sínum en Eimskip hafði enga skýringu gefið. Að vonum var Eimskip gagnrýnt harðlega fyrir þessi vinnubrögð. En hvað gerist þá? Rís Guðmundur J. varaformaður Dagsbrúnar þá ekki upp úr öskustó sinni og ritar grein í Þjóðviljann þar sem hann hrópar upp að "launagreiðslur hjá Eimskip séu til fyrirmyndar". Hann þjónar herrunum í Eimskip dyggilega, en það er ekki sama að segja um verkamenn sem vinna hjá þessu sama fyrirtæki. Æði oft hefur hann setið á tveimur stólum þegar verkamenn hafa átt í deilum við Eimskip eins og nú. Í stað þess að gagnrýna Eimskip fyrir að greiða ekki laun verkamanna á tilskildum tíma og gefa engar skýringar á hvers vegna það er ekki gert. Ræðst hann óbeint á aðgerðir verkamanna, sem eingöngu eru að verja sinn rétt með upphrópuninni um að "Launagreiðslur hjá Eimskip séu til fyrirmyndar." Vinnubrögð á borð við þetta sýna gjörla hvoru megin Dagsbrúnarstjórnin stendur, eigendur Eimskips standa þeim nær en verkamenn. Eða hvað er langt síðan Guðmundur J. sá ástæðu til að hlaupa í blöðin vegna árása Eimskips á kjör verkamanna? Já, það er vissulega orðið langt síðan og vafamál hvort nokkur muni eftir því lengur. Dagsbrúnarforystan hefur gengið á mála hjá auðvaldinu og er orðin sendisveinar fyrir þeirra sjónarmið á opinberum vettvangi. Slík er niðurlæging þessa áður sterkasta baráttufélags orðin. Það er verkefni félagsmanna að breyta þessu ástandi og reka sendisveinana úr stjórn félagsins.

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

● Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar. sími: 27810 og pósthólf 1357, 121 R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð. Lindargötu 15. Opið mánud.-föstud 15-18,30

● Akureyri: Jón Atli Játvarðsson. Hafnarstræti 23.

● Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsd. Reykjarvíkurvegi 24.

● Hornafjörður: Skúli Waldorff. Silfurbraut 2.

● Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir. Þiljuvöllum 38.

● Snæfellsnes: Sigfús Almarsson. Hellisbraut 10 Hellissandi, og Gísli Hjaltason, pósthólf 63, Stykkishólmi.

● Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallargötu 40c, Keflavík.

● Danmörk: Magnús Þorgrímsson. Börglum Kollegiet v. 444 Börglumvej 2, 8240 Risskov.

● Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson, Kämnärsvägen 3A:218. 222 46 Lund.

Hin tíu megintengsl

eftir Mao Tse-tung

"Hin tíu megin tengsl" flutti félagi Maó Tse-tung upphaflega sem ræðu á fundi pólitískrar framkvæmdanefndar miðstjórnar Kommúnistaflokks Kína 25. apríl 1956.

Með því að birta ræðuna sem greinaflokk vill Stéttabaráttan gefa lesendum sínum tækifæri til að kynnast nánar þessum mikla leiðtoga kínversku þjóðarinnar

Hér dregur Maó Tse-tung saman reynslu Kínverja sjálfra sem og einnig reynsluna af Sovétríkjunum í sósíalískri byltingu og sósíalískri uppbyggingu. Á meistaralegan hátt dregur hann þetta saman í "tíu megin tengsl" og setur fram hugmyndir sem eru undirstaðan í stefnu sem lögð er til grundvallar í að byggja sósíalismann með stórstígari, hraðari, betri og meiri efnahagslegum árangri, stefna sem fellur að aðstæðum í Kína.

Stéttabaráttan er einnig sannfærð um að lesendur blaðsins geti marga lærdóma dregið af lestri þessa greinaflokks til brúks í eigin starfi að íslensku byltingunni.



Mao Tse-tung

IX. Tengslin milli réttra hluta og rangra.


Skýran greinarmun verður að gera milli réttra hluta og rangra, hvort heldur sem er innan flokksins eða utan. Það er mikilvægt vandamál, hvernig meðhöndla skuli fólk sem gert hefur mistök. Hin rétta afstaða til þeirra ætti að vera í anda stefnunnar að "læra af fyrri mistökum til að forðast önnur í framtíðinni" og "að lækna sjúkdóminn til að bjarga sjúklingnum" og hjálpa þeim til að leiðrétta mistök sín og leyfa þeim að halda þátttöku í byltingunni áfram. Í þann tíð, er kreddusinnar undir forystu Wang Ming voru leiðandi, gerði flokkur okkar mistök í þessu tilliti, með því að aðhyllast hinar slæmu hliðar í starfsstíl Stalíns. Kreddusinnar höfnuðu millihópunum í þjóðfélaginu og innan flokksins leyfðu þeir ekki fólki að leiðrétta mistök sín og taka þátt í byltingunni.

Hin sanna saga um Ah Q er mjög góð. Ég ráðlegg félögum sem hafa lesið hana að lesa hana aftur og hinum sem ekki hafa gert það, að lesa hana vandlega. Í þessari sögu skrifar Lu Hsun aðallega um smábónda, sem er vanþróaður og pólitískt ómeðvitaður. Hann eyðir öllum kaflanum "Aðskilinn frá byltingunni", til þess að lýsa því hvernig falskur útlenskur djöfull skilur Ah Q frá byltingunni. Raunverulega takmarkast skilningur Ah Q á byltingunni við það, að verða sér úti um fáeina hluti, eins og sumir aðrir. En falski útlendi djöfullinn neitar honum jafnvel um þessa tegund byltingar. Mér sýnist að í þessu tilliti séu ýmsir næsta líkir falska útlenda djöflinum. Þeir skildu þá sem gert höfðu mistök að frá byltingunni, og drógu engin greinarmörk milli mistaka og gagnbyltingar og gengu svo langt að drepa fólk, sem aðeins hafði gert mistök. Við verðum að læra þessa lexíu utanbókar. Það er hvort tveggja slæmt, að skilja fólk að frá byltingunni, og meina flokksfélögum sem hafa rangt fyrir sér að leiðrétta sig.

Sumir segja að það verði að hafa eftirlit með þeim félögum sem gert hafa mistök og fylgjast með því hvort þeir ætli að leiðrétta þau. Ég held það sé ekki nóg að fylgjast bara með þeim, við verðum að hjálpa þeim að leiðrétta mistök þeirra. Það er að segja, fyrst verðum við að fylgjast með og síðan veita þeim aðstoð. Allir þurfa aðstoð; þeir sem ekki hafa gert mistök þurfa hennar við, og hinir sem hafa gert þau þurfa hennar enn frekar við. Sennilega er enginn undanþeginn mistökum, sumir framkvæma aðeins lítilsháttar mistök aðrir alvarleg, og þegar svo er komið þurfa þeir aðstoð. Það er óvirkt að fylgjast aðeins með; skapa verður skilyrði til þess að aðstoða þá sem gert hafa mistök við að leiðrétta þau. Skýran greinarmun verður að gera milli réttra hluta og rangra, því innanflokksdeilur um grundvallaratriði eru endurspeglun stéttabaráttu þjóðfélagsins í flokknum, og ekki er hægt að líða neinn tvístíganda. Það er eðlilegt, í samræmi við eðli málsins, að hæfileg og velgrunduð gagnrýni sé sett fram gagnvart þeim félögum sem gert hafa villur og jafnvel að heyja nauðsynlega baráttu gegn þeim; þetta er gert til að aðstoða þá við að leiðrétta mistökin. Að neita þeim um aðstoð og það sem verra er að hlakka yfir mistökum þeirra er einangrunarstefna.

Það er alltaf betra að hafa marga þegar gera skal byltingu. Að undanskildum örfáum sem halda fast við villur sínar og leiðrétta þær ekki eftir ítrekaðar tilsagnir, getur yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem gert hafa mistök, leiðrétt þau. Fólk sem haft hefur taugaveiki verður ónæmt fyrir henni; á sama hátt mun fólk sem gert hefur mistök gera færri mistök, að því tilskyldu að það læri vel af þeim. Það er hins vegar auðveldara fyrir hina sem ekki hafa gert mistök að fyllast oflæti og þess vegna er þeim hættara við að gera mistök. Verum varkár, því þeir sem stegla fólk fyrir mistök, munu oftar en ekki lenda sjálfir á steglunni. Kao Kang byrjaði að grýta aðra en var sleginn sjálfur. Það mun vinna almenna hylli og sameina fólk, ef við förum vel með þá sem gert hafa villur. Hvort afstaðan til félaga sem gert hafa villur einkennist af hjálpsemi eða fjandskap - er mælikvarði á hvort maður er velviljaður eða illviljaður.

Stefnan að "læra af fyrri mistökum til þess að forðast önnur í framtíðinni og að lækna sjúkdóminn til bjargar sjúklingnum" er stefna sem sameinar gervallan flokkinn. Við verðum að halda fast við þessa stefnu.



Kínverskir leiðtogar vinna að landbúnaði.

Síðan um miðjan október, hafa flestir félagar pólitískrar nefndar miðstjórnar Kommúnistaflokks Kína, yfirmenn í hernum, leiðtogar í meira en 20 héruðum, borgarstjórnum og sjálfstjórnarhéruðum, tekið þátt í líkamlegri vinnu að landbúnaði.

Það er gömul hefð í kínverska Kommúnistaflokknum að leiðandi félagar taki þátt í framleiðslu og annarri líkamlegri vinnu, ásamt með öðru fólki. Þessi þátttaka í atvinnulífinu gerir þá miklu hæfari í sínu starfi. Þeir verða ekki hæfari fyrir það eitt að hreyfa sig, heldur fyrir það, að með þátttöku sinni í störfum fólksins, bæta þeir eigin reynslu við þá reynslu sem aðrir miðla þeim og verða þannig hæfari til að veita leiðsögn.

Nú stendur yfir í Kína, herferð til eflingar landbúnaði. Er hún meðal annars fólgin í gerð uppistöðulóna, vatnsgeyma og áveituskurða, þá eru gerðir stallar í hlíðar og land sléttað. Áætlun þessi var samin á landsráðstefnu s.l. sumar og á herferðin að standa yfir þennan vetur og næsta vor.

27. nóvember, unnu Hua formaður og varaformennirnir Li Hsien-nien og Wang Tunghsing og nokkrir félagar í pólitískri nefnd miðstjórnar KFK, við Miyung vatnsforðabúrið, í úthverfi Peking og litu um leið eftir áætluninni. Þetta hefur einnig verið öðrum til hvatningar.

KAILUAN KOLANÁMURNAR.

Kailuan, ein af stærstu kolanámum Kína, sem skemmdist mikið í jarðskjálftunum '76, lauk áætlun sinni fyrir kolaframleiðslu ársins 1977, 24 dögum fyrr en áætlað var.

Þessi aldargamla náma tvöfaldaði áætlað framleiðslumagn sitt árið 1975. Það var árangur tilrauna verkamanna, sem hófst meðan á menningarbyltingunni stóð, til þess að bæta útbúnað og ná mestri mögulegri framleiðslu.

Eftir að hinn mikli jarðskjálfti varð á Tangshan - Fenghan svæðinu 28. júlí '76, varð hrun í námum og sums staðar féllu þær saman og einnig eyðilögðust byggingar. En verkamennirnir brugðust skjótt og hetjulega við og gerðu við skemmdir og hófu framleiðslu aftur 7. ágúst.

Hua Kuo-feng athugaði Tangshan í fyrra. Það hvatti námumennina til að herða á endurbyggingarstarfi

Dagleg kolaframleiðsla í júlí náði 35.000 tonnum, sem jafngilti áætluðu magni Kailuans.

Námumenn hafa gert við 300 km af göngum, meira en 100 vinnustaði og 30,000 hluti í útbúnaði.

Sósíalísk keppni hefur staðið yfir milli námanna í Kailuan og verkamannanna þar. Í september hækkaði dagleg kolaframleiðsla í 50.000 tonn. Hinir 100.000 námumenn vinna nú af hörku að því að ná markinu fyrir skjálftann - 70.000 tonn á dag - fyrir lok ársins 1977.

(Byggt á Hsinhua 18.dec.)

Mótframboð

Frh. af forsíðu.

"Nöfn 28 manna skorti á til að stilling í trúnaðarráð sé lögleg og löggildir meðmælendur eru 72 en þurfa að vera minnst 75."

Aðstandendur B-listans gátu ekki vitað að þeir er skrifuðu undir væru ekki fullgildir félagar, enda töldu menn sig sjálfir vera það. Verður að teljast eitthvað meira en lítið að, í félagi þar sem um 25% félagsmanna telja sig hafa full réttindi en hafa þau ekki og enn fleiri hafa aldrei fengið skírteini.. Það varð heldur ekki svo lítið uppistand og taugaæsing á skrifstofu félagsins, er þangað komu allt í einu fjöldi ungra manna er vildu ganga í Dagsbrún. Reynt var á allan máta að véfengja rétt þessara manna til að ganga í félagið og þeim var meinað um að sækja skírteini fyrir vinnufélaga sína. Þó segir í lögum Dagsbrúnar: "Skyldur er hver félagsmaður að stuðla að því eftir mætti, að verkamenn gangi í félagið. Fáist maður ekki til þess er félagsmönnum óheimilt að vinna með honum. Enginn félagsmaður má neita öðrum að sjá skýrteini sitt."

Það er hörmulegt til þess að vita, hversu vanrækt hefur verið að gera mönnum grein fyrir mikilvægi þess að þeir gerðust aðalfélagar en séu ekki réttindalausir aukafélagar sem þó borga sitt fulla félagsgjald allt árið um kring.

Starfið framundan.

Þótt B-listinn verði dæmdur ógildur í þetta sinn, heldur [illegible] baráttan fyrir endurreisn félagagsins áfram. Þeir sem stóðu að B-listanum hafa öðlast[illegible] mikilvæga reynslu, sem gerir þá hæfari til að forðast mistök í framtíðinni. Meðal lærdóma sem draga má af þessari tilraun er að fara verður mun fyrr af stað en gert var nú. Nota verður þau tengsl sem náðust nú milli verkamanna og virkja þann baráttuvilja sem hér vaknaði. Og það er líka fullur vilji manna að láta hvergi deigan síga, en hefja þegar undirbúning að framboði fyrir næsta ár.

Menn skulu gera sér grein fyrir aðstöðumun þessara tveggja lista. Annars vegar er stjórnin sem er á kaupi frá félaginu í sinni kosningabaráttu og vinnur á skrifstofunni með skylduliði sínu. Hins vegar eru eru verkamenn í fullri vinnu (eftirvinnu líka svo þeir geti framfleytt sér), sem verða að nota frítíma sinn í starf til að endurbyggja verkalýðsfélagið sitt sem baráttutæki í höndum félagsmanna. Þetta starf vinna þeir að sjálfsögðu á eigin kostnað og stuðningsmanna sinna

Áskrifendur athugið!

RITNEFND HEFUR ÁKVEÐIÐ AÐ BREYTA ÁSKRIFTAVERÐI STÉTTABARÁTTUNNAR, FRÁ OG MEÐ ÁRAMÓTUM OG VERÐUR ÞAÐ ÞANNIG:

Lausasala kr 80.-		
Heilt ár eða 48 tölublöð	Baráttuáskrift	kr. 5.500.-
" " " " "	Venjuleg áskrift	kr. 3.500.-
Hálft ár eða 24 tölublöð	" "	kr. 2.000.-
Erlendis, sent vikulega, 48 tbl.		kr. 7.000.-
Erlendis sent hálfsmánaðarlega (2 blöð í einu)		kr. 5.500.-
Til öryrkja og aldraðra, heilt ár		kr. 500 .-

LESHRINGIR

Þessa dagana er að fara af stað leshringur á vegum Kommúnistaflokksins hér í Reykjavík, þar sem þjóðmálin og alþjóðamálin verða tekin fyrir á marxískan hátt. Skipulag leshringsins er þannig að þar verða teknir til umræðu helstu þættirnir í þjóðfélaginu, þróun þess og byggingu, með hliðsjón af marxískri söguskoðun. Þetta byggist upp a því að þátttakendur í hringnum lesa ákveðin grundvallarrit um þessi mál, t.d. Kommúnistaávarpið, Ríki og Byltingu eftir Lenín og úr Ritgerðum Máos, svo eitthvað sé nefnt. Síðan eru málin rædd á fundum leshringsins og að sjálfssögðu er það mjö gott ef menn kynna sér málin fra fleiri hliðum en skipulag hringsins gerir ráð fyrir. Þeir sem hafa áhuga a að taka þátt í leshring geta snúið sér til Rauðu Stjörnunnar Lindargötu 15 R sími 278 10, milli kl. 15 og 18 alla virka daga.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
3. tbl. 17.1.1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Öðinsgötu 17?
101 R



Um stalínistana

Núna undanfarið hefur ýmislegt verið rætt og ritað um Stalín og stalínista. Tilefnið virðist öðrum þræði vera leikritið "Stalín er ekki hér" sem nú er sýnt í Þjóðleikhúsinu við dágóðar undirtektir, ekki síst íhaldsins, sem heldur að upprifjun og lýsing á vonbrigðum sósíalista um 1960, sé dauðadómur yfir þeim og þeirra hreyfingu. Hrifning þess er svo mikil að nú er ákveðið að nota leikritið til bókmenntakennslu í tveim menntaskólum á landinu. Það er alveg efalaust að þetta leikrit ber af öðrum nýlegum leikritum íslenskum hvað listgildið varðar, það er vel uppbyggt, persónusköpun er nokkuð góð og þarna er þó verið að fjalla um eitthvert efni. Hins vegar má deila um hve vel hefur tekist til með þá umfjöllun. En þegar þessi mál eru tekin upp, þá er vert, að gera sér grein fyrir einu og það er:

Hverjir voru stalínistarnir?

Til að geta svarað því, þá verðum við auðvitað að vita hver Stalín var. Í stuttu máli má segja að hann hafi verið leiðtogi fyrsta sósíaliska ríkisins, Sovétríkjanna. Hann var því meðal þeirra sem ruddu fyrstir brautina til sósíalismans, braut sem alþýða heimsins mændi vonaraugum á og reyndi að feta þrátt fyrir ljónin á veginum. En þó að Stalín hafi verið leiðtogi sovésku alþýðunnar þá er það ekki svo að hann hafi verið einn í því forsvari og borið alla ábyrgð á mistökum og sigrum sósíalísku byltingarinnar. Og alþýðan sem framkvæmdi þá byltingu var ekki eins og afturhald heimsins lætur í veðri vaka, ómeðvituð og einföld eins og kvíga sem lætur þann sterkasta, þ.e. Stalín teyma sig hvert sem er. Þetta var meðvitað fólk sem vissi hvað það vildi og færði margar fórnir til að verjast afturhaldi heimsins. Stalín var einn af þeim sem fólkið hafði valið til að standa í fremstu víglínu og skipa liðinu fram í baráttunni. Það var engin tilviljun að það var þessi þjóð með þessa forystu sem braut á bak aftur vígvél nasista-Þýskalands og frelsaði þannig bæði sjálfa sig og aðra undan ógnum fasismans.

Upp á þetta horfðu sósíalistar um allan heim með einlægri aðdáun, sigrar sovétmanna voru þeim sönnun fyrir mætti alþýðunnar og réttmæti eigin baráttu.

Hér á Íslandi óx sósíalísku hreyfingunni fiskur um hrygg og þar sem sovétmenn voru lengst komnir, álitu menn þá vera forystuaflið. Menn

framhald á síðu 2

Sjómenn í verkfalli

Þriðjudaginn 11. þessa mánaðar gripu loðnusjómenn til aðgerða vegna óánægju með fiskverð. Innsigling flotans var svar loðnusjómanna við óeðlilega lágu fiskverði, sem kom seint og síðar meir frá yfirnefnd verðlagsráðs. Sjómenn hafa oft orðið að þola allt of lágt fiskverð, sem er í engu samræmi við nágrannalönd okkar, en nú var mælirinn fullur. Það verður ekki endalaust horft upp á að útgerðamenn mæli sjálfum sér aukagróða á lágu fiskverði. Loðnuflotinn sigldi því inn á Akureyrarhöfn og allt að 500 sjómenn héldu þar fund. Á fundinum ríkti mikill baráttuhugur og ásetningur þeirra, um að fá loðnuverð hækkað nú með verkfallsaðgerðum naut fulls stuðnings. Sjómenn bentu á að loðnuverðið hefði komið allt of seint frá verðlagsráði, sem auðsjáanlega væri gert til að torvelda sjómönnum að grípa til aðgerða áður en veiðar hæfust. Slík vinnubrögð tefldu því veiðunum í augljósa hættu og bæri því ríkisvaldið alla ábyrgð á því að sjómenn væru neyddir út í aðgerðir eftir að veiðar væru byrjaðar. Sjómenn hefðu hvað eftir annað bent á þetta en stjórnvöld hefðu að engu haft aðvaranir sjómanna. Því segðu þeir stjórnvöld bera stærsta ábyrgð á því að nú er gripið til þess ráðs að sigla flotanum inn til að fá leiðréttingu á loðnuverði.

Á fundinum var kosin nefnd þriggja manna til að fara á fund ráðherra til að freista þess að fá leiðréttingu á verðinu, eða alla vega loforð um endurskoðun á loðnuverðinu í ljósi þess að núverandi verð væri reiknað út frá röngum forsendum. Svör Matthíasar Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra komu víst fáum á óvart, en hann er frægur fyrir baráttu sína gegn sjómönnum. Sjómenn lásu svo svar Matthíasar í Vísi: "Sjómenn mega liggja inni eins lengi og þeir vilja".


Ekki frekar en ætíð áður ætlaði Matthías sér að semja við sjómenn, svar hans var afdráttarlaust, "engir samningar" verða gerðir við sjómenn.

Sjómenn þekkja þessi svör frá fyrri viðskiptum sínum við Matthías eins og t.d. þegar sjómenn sigldu flotanum inn til að mótmæla lækkunar á skiptaprósentu og fleiru. Þá var ráðherra ekki frekar en nú tilbúinn að ræða við sjómenn, en gekk þess í stað freklega á rétt þeirra með lagasetningu sem lækkaði laun þeirra stórlega.

Þau svör sem ráðherra gaf nú gera því ekki annað en sanna betur fyrir sjómönnum hvoru megin ráðherra stendur. Hann er fulltrúi auðvaldsins gegn verkafólki og svífst einskis til að verja og auka gróða atvinnurekenda. Barátta gegn handbendum atvinnurekenda eins og Matthíasi er því ekki síður mikilvæg öllu vinnandi fólki. Hversu sem sjómönnum finnst kröfur sínar sanngjarnar geta þeir einskis vænst af bónskjölum ef ekki fylgir þeim hinar hörðustu aðgerðir, sem knýja á lausn. Að setja traust sitt á embættismenn getur aldrei leitt til sigurs í nokkurri deilu. Sjómenn verða að treysta á eigin samtakamátt og baráttu. Sjómenn verða eins og aðrir hópar innan verkalýðshreyfingarinnar að efla baráttu sína og gera verkalýðsfélögin að raunverulegum baráttutækjum. Slík breyting verður ekki nema verkafólk láti meir til sín taka í starfsemi verkalýðsfélaganna. Þetta sannar barátta sjómanna nú svo ekki er um að villast.

Mótmæli vegna Norglobal

Fjölmörg verkalýðsfélög og aðilar úr verkalýðshreyfingunni hafa mótmælt harðlega að bræðsluskipið Norglobal skuli nú fengið til að bræða loðnu. Margar ástæður liggja til þess að svo eindregin afstaða hefur verið tekin gegn leigu þessa skips. Ein ástæðan er að leiga skipsins dregur úr nýtingu innlendra fiskvinnslustöðva og um leið minnka því atvinnumöguleikar sem ekki hafa verið allt of miklir að undanförnu. Þó það væri ekki nema vegna þessa atriðis væri full ástæða til að mótmæla þessum vinnubrögðum. En þegar það er líka augljóst að rekstur skipsins er þjóðhagslega mjög óhagkvæmur vegna lélegrar hráefnisnýtingar jafnvel svo að margar gamlar bræðslur skila betri nýtingu, verður þetta harla einkennileg ráðstöfun. Bent hefur verið á að lýsisnýting skipsins er 3,9% lélegri en Síldarverksmiðju ríkisins á Reyðarfirði og mjölnýting 1,8% lakari. Auk þess sem vinnslutími innlendra verksmiðja verður ekki minna en hálfum mánuði styttri. Á sama tíma eru ríkisverksmiðjurnar búnar að veita hundruðum milljóna til enduruppbyggingar á verksmiðjum sínum. Þau rök hafa komið fram að Norglobal sé ætlað að taka við umfram afla, sem annars væri ekki veiddur. Þessu halda menn fram þrátt fyrir að enginn hafi enn treyst sér til að segja til um það hvort loðnustofninn þoli slíka umfram veiði. Fiskifræðingar hafa varað við fæð loðnuungviðis á síðastliðnu ári. Það mætti því



Norglobal

spyrja hvort ekki hefði verið skynsamlegra út frá verndunarsjónarmiðum, að leyfa þeirri loðnu sem Norglobal bræddi heldur að komast á hefðbundnar hryggningarstöðvar? Það er sama hvernig á þetta mál er litið, ekkert mælir með þeirri rányrkju, sem nú er stunduð af auðvaldinu á loðnumiðunum. Full ástæða er til að mótmæla þeim gróðasjónarmiðum sem hér ráða ferðinni. Ísbjörninn h.f. tekur skipið á leigu til að auka gróða sinn og lætur sig engu skipta hvernig sá skjótfengni gróði verður til eða hvort afkomu innlendra aðila verður stefnt með því í hættu eða ekki, eða jafnvel loðnuveiðum í framtíðinni. Leigunni á Norglobal er aðeins ætlað að þjóna stundargróðasjónarmiðum voldugs einokunarkapítalista, sem einskis svífst til að auka gróða sinn.


Verkalýðshreyfingunni ber því skylda til að mótmæla slíkum sjónarmiðum harðlega til að tryggja hagsmuni verkalýðsins sem algjörlega hefur verið sniðgenginn í þessu máli.

Það má líka benda á að þegar verkamenn og sjómenn áttu í verkfalli 1976 var Norglobal notað til að brjóta verkfallið á bak aftur. Innlendir kapítalistar veiddu þá í skipið meðan verkfallið stóð yfir. Slík íhlutun erlendra aðila í verkalýðsbaráttu er gjörsamlega óviðunandi. Eina leiðin til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig er að banna rekstur Norglobal hér. Honum er stefnt gegn afkomu íslenskrar alþýðu bæði í nútíð og framtíð. Gróðasjónarmið forstjóra Ísbjarnarins verða því að víkja fyrir hagsmunum alþýðunnar, sem allt hefur að vinna í þessu máli. Skammtíma gróðasjónarmið eru ekki til þess fallin að efla hagsæld eða vernda fiskistofna.

Stéttabaráttan

Í þessu blaði lýkur áskrifta- og lausasöluherferðinni, sem farið var af stað með í sept. 77. Markmiðið í lausasöluherferðinni náðist vel, enda tóku félagarnir sig á við að skipuleggja hana. Hvað áskriftasöfnunina áhrærir, var árangurinn aðeins um 100 manns. Er þar helst um að kenna að ritnefnd tók þessa ákvörðun án nægilegs samráðs við aðrar einingar flokksins og tillits til starfa félaganna. Sá árangur sem náðst hefur, er ekki fyrir herferð, heldur má hann teljast venjulegur reytingur. Staðreyndin er sú að flokkurinn var ekki í aðstöðu til að skipuleggja herferð á þeim tíma sem ritnefnd ákvað.

Af þessu hefur ritnefnd lært að taka ekki geðþóttaákvarðanir sem þessa. Næst þegar farið verður í áskriftaherferð, verður hún skipulögð í samræmi við aðra þætti í starfi flokksins.



Hamarinn sýnir aukningu lausasölunnar frá upphafi herferðarinnr, 1 september s.l. Sigðin telur aukningu áskrifenda á sama tímabili.